

Sþ.

302. Tillaga til þingsályktunar

[143. mál]

um byggingu verksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax og aðrar fullunnar sjávarafurðir.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jón Þorsteinsson, Skúli Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun og starfrækslu niðurlagningarverksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax, síldarrétti og aðrar fullunnar sjávarafurðir.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur í mörg ár verið ríkjandi á Skagaströnd meira eða minna atvinnuleysi. Lítil sem engin síld hefur borizt í síldarbræðslu S. R., sem er langstærsta atvinnutæki staðarins, og afli hefur tíðast verið tregur. Verulegur hluti verkfærra manna hefur orðið að afla sér tekna í öðrum landshlutum yfir vetrarmánuðina. Framkvæmd þessarar tillögu væri mikilvægt spor til að bæta atvinnuástand staðarins, þótt vandinn væri raunar ekki þar með leystur.

Það er markmið tillögunnar, að reist verði verksmiðja á Skagaströnd, er fullvinni matvæli úr sjávarafurðum. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort markaður sé nægur fyrir slíka framleiðslu. Vitað er, að markaðsöflun hefur valdið mestum erfiðleikum í íslenskum niðurlagningariðnaði. Nýlega var þó gerður samningur um sölu á niðurlagðri síld til Sovétríkjanna næstu þrjú árin, og munu Sovétmenn kaupa niðurlagðar síldarafurðir fyrir 32 milljónir á ári í stað 7 milljón króna áður. Það skal fúslega viðurkennt, að markaðurinn í Sovétríkjunum er tæpast til skiptanna milli fleiri verksmiðja en nú er. Hitt er athyglisverðara, að í viðskiptasamningum Íslands og Tékkóslóvakíu hefur um árabíl verið gert ráð fyrir kaupum á íslenskum niðursuðuvörum fyrir 18 milljónir íslenskra króna. Á undanförunum árum hafa Íslendingar þó ekki afhent upp í þá samninga meiri framleiðslu en sem nemur að verðmæti um 1.7 millj. kr. árlega. Ástæðan er sú, að Tékkar vilja nær eingöngu kaupa sjólax, en eina verksmiðjan, sem hér hefur framleitt þá vöru, er staðsett í Reykjavík og hefur skort vinnuafli. Hefur verksmiðjan verið til sölu að undanförunu. Heita má öruggt, að verksmiðja, sem ætluð væri til að framleiða sjólax, svo og aðrar niðurlagðar og niðursoðnar sjávarafurðir, geti þegar í upphafi tryggt sér markaði, sem nægðu til að tryggja reksturinn. Þess má geta, að sjólax má bæði vinna úr ufsa og stórþorski, en þær verksmiðjur, sem fyrir eru á Norðurlandi, eru ekki búnar tækjum til að framleiða sjólax.

Bættar markaðshorfur hafa leitt til þess, að á nokkrum stöðum á landinu er nú hafinn undirbúningur að byggingu verksmiðja til framleiðslu á sjólaxi og niðurlagðri síld. Rétt er að minna á, að í samningum verkalýðsfélaganna í vor gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um úrbætur í atvinnumálum Norðlendinga, og var einn liður hennar eftirfarandi:

„Ef unnt reynist fyrir forgöngu ríkisvaldsins að afla markaða fyrir verulega aukið magn niðursoðinna eða niðurlagðra fisk- og síldarafurða, verði verksmiðjur á Norðurlandi látnar sitja fyrir um þá framleiðslu, meðan atvinna er þar ófullnægjandi. Reynist verkefni vera fyrir fleiri verksmiðjur, verði stuðlað að því, að atvinnulitlir staðir á Norðurlandi og Strandasýslu sitji í fyrirrúmi um staðsetningu þeirra.“

Í tillögunni er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir aðgerðum í þessu máli. Virðist ekki óeðlilegt, að Síldarverksmiðjur ríkisins sjái um stofnun og starfrækslu verksmiðjunnar. Niðurlagningarverksmiðjan í Siglufirði er byggð af Síldarverksmiðjum ríkisins og starfar undir sömu stjórn. Mætti hafa sameiginlegan fjárhag og framkvæmdastjórn fyrir báðar verksmiðjurnar, en tæknikunnátta og reynsla, sem fengizt hefur við reksturinn í Siglufirði, kæmi að fullum notum. Þá má benda á, að S. R. eiga stórhýsi mikil á Skagaströnd, sem staðið hafa ónotuð um árabíl og kæmu vafalaust að miklum notum, en byggingakostnaður er yfirleitt meiri hluti af stofnkostnaði slíkra verksmiðja. Virðist því ekki óeðlilegt, að einmitt Síldarverksmiðjur ríkisins hafi forustu um atvinnubætur þar á staðnum.